

FEIF

*Internationale Föderation
der Islandpferde - Vereine*

*International Federation
of Icelandic - Horse Associations*



Alþjóðasamtök landssamtaka um íslenska hestinn

FEIF Sport

Útbúnaður sem bannaður er á hestamótum (FIPO 2.2.2.2 og FIPO 2.3.9)

Bönnuð mál og/eða beislabúnaður er búnaður sem greinilega er hannaður með annað í huga en reið á íslenskum hestum, eins og til dæmis mál fyrir akstur eða mál sem eru hluti af reiðbúnaði hönnuðum fyrir aðra reiðmenningu eða eru notuð á annan hátt en þau er hönnuð til. Einungis má nota tauma sem fara beint úr hönd reiðmannsins á viðeigandi stað á málum eða málalausum beislibúnaði. Þær skeifur, hringir eða botnar sem greinilega eru ekki framleiddir í þeim tilgangi að notast fyrir reiðhesta eru bannaðir. Í kynbótasýningum gilda aðrar reglur. Til viðbótar þessum almennu reglum heldur Sportnefnd úti eftirfarandi lista yfir útbúnað sem ekki er leyfður af ýmsum ástæðum.

Beisli og beislabúnaður:


Skáreim með enskum múl og mexíkanskur múll ásamt öllum málum með keðju.

Skáreimin og mexíkanskur múll passa illa með flestum þessara méla og í gerir þennan útbúnað í sumum tilfellum mjög harðan.



Þýskur múll, nasamúll og spangarmúll með öllum mólum með keðju.

Þessi mól skulu notast með öðrum mólum þar sem þetta passar ekki vel saman og lítur illa út. Efri partur keðju getur auðveldlega fests í mólum. Virkni keðjunnar truflast af ólum múlsins.




Skáreim með enskum mól og mexíkanskur múll ásamt öllum mólum með stöngum og/eða vogarafli.

Skáreimin og mexíkanskur múll passa illa með flestum þessara móla og í gerir þennan útbúnað í sumum tilfellum mjög harðan.



Þýskur múll, nasamúll og spangarmúll með öllum mólum með stöngum og/eða vogarafli.

Þessi mól skulu notast með öðrum mólum þar sem þetta passar ekki vel saman og lítur illa út. Keðjan og neðri ól múlsins geta legið svo þétt að húðin getur auðveldlega klemmst. Virkni stanganna truflast af staðsetningu múlsins.



Venjulegur beislabúnaður með mólum notaður ásamt mólalausum beislabúnaði.

Þetta fellur ekki undir tilgang mólalauta beislabúnaðarins.

Samsett Myler mól með stuttum eða löngum kjálkum (og sambærileg mól frá öðrum framleiðendum).

Þessi tegund móla sameinar mólalauta tækni (hackamore) og mól og eru hönnuð sem þjálfunarmól.



Perúönsk mól (og önnur mól sérstaklega hönnuð fyrir aðra reiðmennsku)

Þessi mól henta ekki íslenskri reiðmennsku né reiðhefð.



Rennitaumamól (mól sem geta hreyfst upp og niður eftir kinnól beislis)

Þessi mál eru eingöngu ætluð til leiðréttingar og/eða þjálfunar og eru ekki ætluð til sýninga á hestum.



Skeifur, hringir, botnar:

Hringur má einungis hafa eina tengingu, ekki breiðari en 20,0 mm sem tengir aðra hliðina við hina. Hringur telst vera botn ef það er annars konar tenging á milli hliða hans.

Þetta á einnig við þegar tengingin er úr ofnu efni. Styrkingar til að halda hringnum á sínum stað undir skeifunni eru leyfðar.

Ef fylling er í hófnum, með eða án botns er einungis leyfilegt að hafa skeifu að hámarki 8,0 mm þykka.

Um leið og eitthvert efni er innan hófsins (þar með talin skeifan) á reglan um botna við, jafnvel þótt enginn botn sé notaður.

Meiri upplýsingar og myndir má finna á vefsíðu FEIF www.feif.org – sport – FIPO
Myndir eru einungis til skýringar og eru ekki endilega tæmandi.
Uppfært 1. Apríl 2013